

Menning

Menning

Menning

Menning

Nýlega var opnuð á Kjarvalsstöðum stórmörkileg sýning sem ber yfirskriftina „Ungir myndlistarmenn“. Það er stjórn Kjarvalsstaða, undir forystu Einars Hákonarsonar, sem stendur fyrir þessari sýningu, en hún á að spegla þá list sem nú er að gerjast meðal yngstu myndlistarmannanna.

Það var svo sannarlega kominn tími til þess að opinberir aðilar veittu ungu myndlistarfólki raunverulega athygli, því segja má að þessir „opinberu aðilar“ hafi bókstaflega gleymt síðustu listkynslóðunum í íslenskri listasögu. Þá er þessi sýning einnig vel til fundin vegna þess að einmitt nú eiga sér stað veruleg umskipti í íslenskri myndlistarsköpun og hefðbundin efni eru nú notuð aftur eftir nokkurt hlé.

Djörf upphenging

Það er ekki gott að segja hvað hefur ráðið upphengingu verka á sýningunni, þeim virðist einna helst hafa verið stráð á veggina „eftir auganu“. Þetta er því djörf samsetning sem gefur sýningunni

Ungir myndlistarmenn

— tímamótasýning á Kjarvalsstöðum

fjölbreytilegan svip. Við kynnumst því í einni svipan listaverkum sem sköpuð eru út frá ólíkustu forsendum eins og t.d. poppi, abstraction, concepti — og þá algeng sérstaklega „nýja málverkinu“ sem virðist höfða einkar sterkt til yngstu kynslóðarinnar.

Frjáls tjáning

Jú, „nýja málverkið“ virðist nú vera í algleymingi. Og ferskleika sýningarinnar er einmitt að finna í þessu myndmáli þar sem listamennirnir mála „frjálst“ og neita að beygja sig undir hefðbundnar reglur og fagurfræðilegar forskriftir. Þeir frjálsu listamenn sem vekja hvað mesta athygli hér á sýningunni eru: Erla Þórarinsdóttir, Helgi Þ. Friðjónsson, Jón Axel, Kjartan Ólason, Kristinn G. Harðarson, Magnús

V. Guðlaugsson, Tumi Magnússon og Valgarður Gunnarsson.

Þó svo að þessir listamenn noti allir formskrift (flatarverkun, andakademíska teikningu og að því er virðist tilviljanakennt handbragð) „nýja málverksins“ þá eru þeir afar ólíkir innbyrðis. Hver þeirra ber sinn stíl, sinn persónulega skilning og útleggingu á fyrirbærinu „frjálst málverk“, Forsenda hvers og eins liggur í menntuninni og er undir áhrifum frá þeim menningarheimi þar sem viðkomandi listamenn hafa dvalist. Þannig sjáum við Kjartan Ólason leggja áherslu á efniskennnd og tvíræðni í efni og formi; Erla Þórarinsdóttir einfaldar menn og hluti í afgerandi tákni (hún sagði reyndar í viðtali að þetta væru eins konar „archetype“ og Helgi Þ. Friðjónsson og Kristinn G. Harðar-

son einbeita sér að inntakslegri tjáningu, ákveðinni frásögn eða fantasíu, sem þeir setja hispurslaust á léreftið.


Um hvað fjallar málverkið?

En um hvað fjalla svo þessar myndir? Hverju vilja þessir listamenn miðla áhorfendum? Fjallar þetta málverk aðeins um form og liti? Eða hvaða hlutverki gegna persónurnar í myndum „nýja málverksins“? Er eldspítirinn eftir Jón Axel aðeins skraut? Hver eru tengsl mannsins við hina geometríska fleti í verkum Valgarðs Gunnarssonar? Í raun er afar erfitt að átta sig á merkingu þessara verka, en þó verður að segja að hún er einna skýrust í verkum þeirra félaga Helga Þorgils og Kristins Harðarsonar. Þar virðist allt gert til

að hæðast að og afvegaleiða hefðbundin gildi (sjá t.d. Patman í stærstu myndinni). En í öðrum myndum er dýpri og þyngrir undirtónn þar sem hrúgað er inn táknum og þeim skipað niður á léreftið með formskrift „nýja málverksins“. Þessar myndir hafa sterk tengsl við ritmálið. Hér er ekki um að ræða sjónblekkingu heldur tvívíddarsýn og tákni sem virðast rituð hispurslaust á léreftið veita áhorfendum inntaksríka frásögn. Nema hvað, línulegur lestur bókmenntanna hefur verið brotinn upp, engin lestrarskefna er gefin og áhorfandanum er frjálst að velja, tengja og túlka nær- og fjærliggjandi tákni á sinn hátt. Í raun er þátttaka áhorfandans tvíþætt, annars vegar er honum gert að skilgreina viðkomandi form og gefa þeim sjónræna fyllingu og hins vegar má óhorfandinn (ef hann nennir) tengja saman gefin tákni á myndfletinum.

Annars konar verk

Fyrir utan „nýja málverkið“ er hér einnig fjöldi verka sem má eflaust flokka undir hinar og þessar




Málverk eftir Kjartan Ólason.



Málverk eftir Jón Axel Björnsson.



Málverk eftir Erlu Þórarinsdóttur.



Málverk eftir Valgarð Gunnarsson.



Málverk eftir Helga Þorgils Friðjónsson og Kristinn G. Harðarson.

Ljósm. GBK

stefnur. En þó svo þessi verk framkalli ekki undrun áhorfandans fyrir frumleik eða nýja möguleika þá eiga þau flest það sammerkt að vera einkar vel unnin. Þessir listamenn virðast flestir búa yfir virðingaverðri handmennt og tækni. Á þetta t.d. við um listamanninn Gunnar Karlsson, en myndverk hans eru þó að öðru leyti stæling á verkum hins liðna meistara Arcimboldo (1527–1593) nema verið sé að snúa út úr myndmáli hans af ráðnum hug. Og Lýður Sigurðsson nýtir sér vel tæknina, en nær þó ekki að greina sig frá hinum þekktu listamanni Erró. Og Pétur Már Pétursson vinnur samkvæmt hinni lýrsku abstraction. Hann hefur tileinkað sé allar tæknilegar forsendur verksins og skortir nú aðeins að móta persónulegri og meira afgerandi farveg.

Tímamótasýning

Of langt mál yrði að telja upp alla þáttakendurna en vist er að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi hér á sýningunni.

Í heild er sýningin glæsileg aflestrar, og vist er að hún verður að teljast tímamótasýning. Þó hefði eflaust mátt vanda enn betur til sýningarinnar með því t.d. að rita nákvæmari texta um íslenska nútímalist í sýningarskrá og stýra þannig áhorfendum betur í gegnum sýninguna sem býður upp á fjölbreytilegar listtegundir og fjar-skyld listhugtök. Þá hefði eflaust mátt með litlum tilkostnaði flytja erindi um íslenska list fyrr og nú, þannig að áhorfendur gætu gert sér grein fyrir sögulegri stöðu yngstu kynslóðarinnar. Jú, það virðist oft skorta ákveðna þárvinnslu á opinberum sýningum hérlandis.

Þá vakti það athygli mína, er ég skoðaði sýninguna, að ekki var búið að kaupa verk eftir þá Kjartan Ólason, Jón Axel eða Valgarð Gunnarsson, en aftur á móti hafði Háskóli Íslands keypt tvö verk eftir Vigni Jóhannsson, en þar hefði eflaust mátt láta eitt nægja.

-GBK.